



CAD Fréttir Ágúst 2009




Velkomin aftur til vinnu.

Við vonum þú hafir átt yndislegt sumar. Að minnsta kosti í landnámi Ingólfs hefur veðrið leikið við okkur þó svo að ástandið í þjóðmálum hafi ekki fylgt veðri. Neyðin kennir naktri konu ... og allt það. Út úr flestum erfiðleikum kemur alltaf eitthvað gott. Fólk staldrar við og reynir að hugsa upp á nýtt. Þetta verða fyrirtæki einnig að gera. Nú stendur yfir verkefnið "Hannað í Málm" sem er samstarfsverkefni nokkura fyrirtækja í málmíðnaði og lóan fræðsluseturs og er verkefnið styrkt af Starfsmenntasjóði. Alls taka þrjú fyrirtæki og 8 hönnuðir þátt í verkefninu.

Hönnuðurnir munu taka nýthlut sem nú þegar er í framleiðslu og kanna hvort hægt sé að vinna hlutinn betur, endurhanna og gera söluvænlegri.

Nýsköpunar er alltaf þörf og við verðum í sífellu að endurmeta alla hluti. Enn og aftur snýst þetta um að koma sér upp úr hjólförunum.

Við verðum að byggja upp íslenska framleiðslu og flytja aftur heim framleiðslu sem við á undanförunum árum höfum sótt til útlanda. Við verðum aftur að byggja upp þjóðarstolt og kaupa íslenskt og þar verða ríki og sveitarfélög að vera í broddi fylkingar.




Uppfærslur og tilboð:

Nú stendur yfir tilboð á nýjum leyfum á AutoCAD LT þar sem veittur er 20 % afsláttur frá venjulegu

verði.

Þessu tilboði lýkur 15. október 2009.



Hjálp til fólks í atvinnuleit.

Því miður er atvinnuleit / atvinnuleysi ekki sér íslenskt vandamál. Út um allan heim hafa atvinnuleysistölur hækkað og hefur Autodesk ákveðið að styðja við fólk í þessari aðstöðu. Nú er unnt að hala niður **öllum helztu forrit frá Autodesk** svo sem **Inventor 2010**, **AutoCAD 2010**, **AutoCAD Electrical 2010** ásamt mörgum öðrum forritum.

Byrjað er að skrá sig inn á eftirfarandi síðu: <http://www.autodesk.co.uk/assistance> og fylla þarf út alla reiti. Þar sem þetta er fyrir fólk án vinnu er spurt um nafn, símanúmer ofl. hjá fyrriverandi vinnuveitanda **og verður að fylla það út.**

Forritin sem unnt er að hala niður eru fullar útgáfur en teikningar og módel eru með vatnsmerki. Það er að sjálfsögðu **ekki ætlast til at menn stundi vinnu** með þessum forritum en hugsunin er að fólki gefist tækifæri til að læra og auka við sig kunnáttu og þannig eiga auðveldara með að fá vinnu. **Þetta er kjörið tækifæri til að bæta við sig menntun og kunnáttu.**

Servicepacks og uppfærslur:

Service pack 1 m.m. er kominn út fyrir eftirfarandi forrit:

AutoCAD 2010 SP 1 er að finna [hér](#)
AutoCAD LT 2010 SP 1 er að finna [hér](#)
AutoCAD Mechanical 2010 SP 1 er ekki komið út ennþá.
AutoCAD Electrical 2010 SP1 er að finna [hér](#)
Autodesk Inventor 2010 SP 1 er að finna [hér](#)

Kennsluáætlun:

AutoCAD 2009 / LT 2010 Essentials	09. -10.og 16. & 19. október 2009	4 dagar
Autodesk Inventor 2010 Essentials	11.-12. og 25.& 28. sept. 2009	4 dagar
AutoCAD 2010 þrívídd	30.-31. okt. 2009	2 dagar
AutoCAD Electrical 2010 Essentials	02.-03. okt. 2009	2 dagar
Inventor 2010 fyrir Innréttingasmíði	06.& 09. nóv. 2009	2 dagar

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl. 9 og 16.
Einnig má skrá sig á heimasíðu Iðunar www.idan.is undir liðnum: Tölvustudd hönnun.

Tips & Tricks:



AutoCAD:

LTSCALE breytan er búin að vera til í AutoCAD lengur en elztu menn muna. Aftur á móti eru enn margir sem eru í vandræðum með "SCALE" í ýmsum línugerðum. Núna höfum við LTSCALE, PSLTSCALE, CELTSCALE og MSLTSCALE.

LTSCALE - LineType Scale - Stjórnar heildar línu skölun á öllum hlutum á skjánum.

Skalinn getur ekki verið = 0. Systembreytan hefur sama nafn og venjuleg skipan. Upphafleg stilling á LTSCALE er 1.

Notið LTSCALE til að breyta línuskölun allstaðar í teikningunni

PSLTSCALE - Paper Space LineType Scale - Stjórnar línuhlutföllum (skölun) í Layout gluggum.

Þegar PSLTSCALE er breytt með skipan eins og ZOOM með PSLTSCALE sett á 1, endurreiknast skjárin ekki sjálfvirkt. Notið REGEN eða REGENALL skipunina til að uppfæra skjámyndina.

Upphafleg stilling á PSLTSCALE er 1.

MSLTSCALE - Model Space LineType Scale - Skalar línur í módelumhverfinu (Model Tab) skv. "annotation scale" stillingunni.

Í "model space" eða "layout viewport" geturðu sýnt alla "annotative" hluti eða aðeins þá sem hafa "virkan kvarða" / "current annotation scale". Þetta minnkar þörfina fyrir að kveikja og slökkva á mörgum lögum til að sjá / fela málsetningar m.m.

Þegar MSLTSCALE er sett á 1 (default) er línur skalaðar í mælikvarða.

ATH: MSLTSCALE er á 0 þegar teikningar úr AutoCAD 2007 og eldri eru opnaðar.

Upphafleg stilling á MSLTSCALE er 1 (eftir 2008)

CELTSCALE - Current Element LineType Scale - Setur línu kvarðann fyrir komandi línur. Hægt er að þvinga einstaka línur í annan kvarða.

Gildið í "Global Scale Factor" stjórnar "LTSCALE" system breytunni

CELTSCALE gildið er margfaldað með LTSCALE gildið til að fá kvarðann fyrir viðkomandi línu.

Auðvelt er að breyta kvarðanum á línunum annaðhvort allar í einu eða kvarðann fyrir einstakar línur.



Inventor:

Nýjung á Autodesk labs (labs.autodesk.com)

Nú er komið á ofangreinda síðu niðurhal fyrir Inventor Fusion sem er ný tækni þar sem unnt er að hanna bæði skilyrt (parametric) og með beinum aðgerðum eins og t.d. að toga í hlutinn (direct modelling). Endilega fara inn á síðuna og hala forritið niður. Labs síðan gefur oft vísbendingu um það sem koma skal.

Tips of tricks fyrir Inventor geta tekið svolítið mikið pláss í fréttabréfi eins og þessu. Í staðinn vil ég leyfa mér að vísa á síður annara. Þar er margt gott að finna. T.d.

Hvernig maður nota "Slice Graphics": [Cadprofessor](#)

Hvernig maður notar samsetningamöppur (Assembly Folders) : [Ketiv](#)

Hvernig unnt er að nota AutoCAD blokkir í Inventor - samtals 3 tips:

á [Youtube](#)

Grillaðu - Hvernig á að nota nýju [Grill aðgerðina í Inventor](#):



AutoCAD Electrical.

Það er með electrical eins og með Inventor - tipsin eru löng og með mörgum myndum. Ég bendi í stað þess á ýmsar síður:

Hér er góð síða hjá [Nate Holt](#):

og hér er [margt gott að finna](#):

Með beztu kveðju
Finnur P. Fróðason

Hafið Samband:

sími: 5523990 - cad@cad.is